


Jón E. Guðmundsson ásamt nokkrum sýningargripum sínum.

Kaflar úr Skuggasveini sýndir með leikbrúðum

BSt — Sunnudagskvöldið 30. nóvember lýkur myndlistarsýningu Jóns E. Guðmundssonar að Kjarvalsstöðum, sem opnuð var 15. nóvember. Jón E. Guðmundsson sýnir þarna höggmyndir í tré, blýantsteikningar og olíumálverk og leikbrúður. Nemendur úr Leiklistaskóla ríkisins hafa sýnt kafla úr Skugga-Sveini með leikbrúðum við góðan orðstír. Síðustu sýningar hjá þeim verða nú um næstu helgi, þar sem myndlistarsýningunni lýkur á sunnudagskvöldið eins og fyrir segir. Sýningin er opin daglega frá kl. 14-22.

Flutningsgjald er lögum samkvæmt undanþegið söluskatti. Þrátt fyrir það er:

Flutningsgjald skattlagt að hluta

AB — „Ég sá greinina og villurnar í henni." sagði Haraldur Árnason hjá Skattstofu Reykjavíkur í viðtali við Tímann í gær, um grein þá er birtist í Tímanum í gær og greindi frá því er söluskattur er reiknaður á vöru ofan á flutningskostnað.

Ekki eru allir á einu máli um að þarna hafi verið farið með rangt mál. Samkvæmt lögum eru flutningsgjöld undanþegin söluskatti, en er það svo í raun?

Að sögn Gissurar Þorvaldssonar framkvæmdastjóra Vöruflutningamiðstöðvarinnar þá er greiðsla sú er vörukaupandi úti á landi þarf að greiða fyrir flutning vöru til sín tvíþætt: annars vegar er flutningsgjaldið en af því reiknast enginn söluskattur hins vegar er svo afgreiðslugjald, við upphæð á hvert tonn, og af því þarf kaupandinn að greiða söluskatt. Þessi útlagði kostnaður kaupandans úti á landi leggst síðan ofan á grunnverð vörunnar síðan smásöluálagningin að lokum er svo reiknaður söluskattur. Það verur því ekki annað séð en að hér sé að hluta um tvöfaldan söluskatt að ræða, hvort sem hann er kallaður söluskattur eða eitthvað annað.

„Skuldajöfnun við kaupélögin hafnað"

„Ríkisfyrirtæki og rekstur ríkissjóðs ekki það sama"

— sagði Lárus Ögmundsson hjá fjármálaráðuneytinu

AB — „Skuldajöfnuði er hafnað á þeirri forsendu að þó að hér sé um ríkisfyrirtæki að ræða, þá eru þessi fyrirtæki yfirleitt með aðskilinn fjárhag og bókhald og koma strangt til tekið ekki rekstri ríkissjóðs við. Þar af leiðandi tengjast þessi fyrirtæki enn síður innheimtu ríkissjóðs á sköttum." sagði Lárus Ögmundsson hjá fjármálaráðuneytinu þegar Tíminn spurði hann hvers vegna ríkið tæki svo illa í það að um skuldajöfnun yrði að ræða á milli kaupfélaganna og ríkisins, þegar ríkisfyrirtækin standa ekki í skilum við kaupfélögin, og kaupfélögin skulda ríkissjóði söluskattinn.

„Þessu ber að halda algjörlega aðskildu, en ég er hins vegar sammála því að það sé óréttlátt að kaupfélögin þurfi að greiða dráttarvexti af söluskattsskuld vegna vanskila ríkisfyrirtækja. En ég þekki hins vegar ekkert slíkt tilfelli. Þó held ég að kaupfélögin eins og aðrir sem eiga útistandandi skuldir geti reiknað sér vexti, að vísu ekki hæstu dráttarvexti, en vexti engu að síður."

Það má geta þess hér að fyrirtæki sem ekki standa skil á söluskattinum á eindögum, verða lögum samkvæmt að greiða hæstu dráttarvexti.

Ungmennin sem heimsóttu ísl. sendiráðið í Frakklandi:

HALDA ÞVÍ FRAM AÐ STJÓRNVÖLD SÉU AÐ HERÐA LÖGIN

EKJ — Fimmtán frönsk ungmenni komu í íslenska sendiráðið í París í gærmorgun og neituðu að fara þaðan nema þeim yrði veitt pólitískt hæli á Íslandi þar eð þau neita að gegn herþjónustu í Frakklandi.


Sendiráðið gerði ráðstafanir til að fjarlægja ungmennin og yfirgáfu þau sendiráðið um hádegisbilið.

Að gefnu þessu tilefni hafði Tíminn samband við utanríkisráðuneytið og náði tali af Gunnari Snorra Gunnarssyni, sendiráðsritara.

„Þessir krakkar sem komu í sendiráðið eru fulltrúar fyrir félag þeirra, sem eru í þeirri aðstöðu að neita að gegna herþjónustu af samviskuástæðum. Félagið heitir OP 20, og félagarnir vilja halda því fram að þróunin hafi verið þeim í óhag undanfarin tvö ár og segja að frönsk yfirvöld séu strangari nú og tregari á að veita undanþágu frá herþjónustu þeim sem henni neita þeir af samviskuástæðum. Þeir vilja meina að stjórnvöld séu að herða á lögunum."

„Það eru einhver fordæmi fyrir því að fólk fái undanþágu af þessu tagi, en herskylda í Frakklandi miðast við 18 ára er eitt ár. Ég veit ekki um aldur þeirra sem komu í sendiráðið, það eru 450 manns í samtökunum, en af þeim er ekki nema lítill hluti sem hefur fengið herkvaðningu, hinir eiga það í vændum. Meginkröfur þeira sem komu í sendiráðið, eru að íslenska ríkisstjórnin veiti þeim strax pólitískt hæli og seinna þeim, sem í framtíðinni þurfa að gegna herþjónustu. Og þau skora líka á ríkisstjórnina að veita Gervasoni hæli og vilja að ríkisstjórnin beiti sér hjá Sameinuðu þjóðunum sem stuðningsaðili við kröfur þeirra.

Þau afhentu bréfið og ætluðu að bíða eftir svari, en voru svo fengin til að fara með góðu án þess að til vandræða kæmi og þeim gert ljóst að það er í höndum íslenskra dómsyfirvalda að ákveða hvert svarið verður", sagði Gunnar Snorri.



Lesið verður upp úr bók Lúðvíks Kristjánssonar, Íslenskir sjávarhættir.

Bókmenntakynning hjá Eymundsson

EKJ — Um þessar mundir eru liðin 20 ár síðan Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar tók í notkun húsnæði það, sem verslunin er nú starfrækt í, að Austurstræti 18. Að þessu tilefni verður sá háttur hafður á að vikulega fram að jólum verður lesið úr bókum ýmissa íslenskra rithöfunda á föstudögum kl. 3-5.

Þetta er vísir að bókmenntakynningu og er þess vænst að viðskiptamönnum verslunarinnar falli þessi nýbreytni vel í geð. Jafnframt þessu munu höfundar bóka þeirra er lesið er úr, verða viðstaddir og árita bækur sínar fyrir þá sem þess óska. Fyrsta bókmenntakynning af þessu tagi verður í dag frá kl. 3-5 en þá mun Hjalti Rögnvaldsson leikari lesa uppúr bók Lúðvíks Kristjánssonar, Íslensir sjávarhættir, og enn fremur úr skáldsögu Jóns Dan, Stjörnuglópar.

Höfundarnir verða viðstaddir sem fyrr segir og árita bækur sínar fyiir þá sem þess óska.

Frumvarp krata um frestun gjaldmiðilsbreytingarinnar:

Vilja þeir vöruskipti?

— „Hefði ófyrirsjáanleg vandræði í för með sér", segir Davíð Ólafsson

Nokkrir þingmenn Alþýðuflokksins, með Ágúst Einarsson sem fyrsta flutningsmann, hafa á Alþingi lagt fram frumvarp um frestun fyrirhugaðrar gjaldmiðilsbreytingar um eitt ár. Kæmi breytingin samkvæmt tillögunni til framkvæmda 1. janúar 1982. Þetta frumvarp kemur, eins og tekið er fram í greinargerð, í kjölfar langra umræðna í þinginu um fyrirspurn er snerti sama efni.

Í þessum umræðum kom fram hjá ráðherrum, að auk þess sem ríkisstjórnin væri ákveðin í að láta breytinguna koma til framkvæmda nú um áramótin, þá væri algerlega ógerlegt að fresta breytingunni nú. Framleiðsla á gömlu myntinni hefði legið niðri um nokkurn tíma, og ef ákveðið yrði að hún gilti áfram á næsta ári þá yrði skortur á mynt.

Davíð Ólafsson, seðlabankastjóri, staðfesti þetta í samtali við Tímann í gær. Davíð sagði að sú frestun nú myndi hafa „ófyrirsjáanleg vandræði" í för með sér fyrir öll viðskipti, þar sem margra mánaða fyrirvara þyrfti vegna pantana á seðlum og mynt. Birgðir okkar væru ekki nógar til að brúa bilið, þrátt fyrir að seðlanotkun væri mest í desember af öllum mánuðum ársins.

Davíð sagði að nú væru til 23 milljarðar af seðlum og mynt í landinu. Þörfin fyrir seðla og mynt ykist nokkurn veginn í samræmi við verðbólguna. Þá gengju seðlarnir mjög ört úr sér.

Sé þetta haft í huga, hlýtur það að vekja spurningar hvað krataþingmenn ætla sér með tillögu sinni. Hafa þeir í hyggju að koma á vöruskiptahagkerfi í landinu um nokkurra mánaða skeið? Er þetta þeirra ráð til að vinna bug á verðbólgunni?